

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 27. ágúst 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samþykkt um byggðamerki sveitarfélagsins

Í tilefni að nafnabreytingu sveitarfélagsins sem tekur gildi 1. september nk. lágu fyrir fundinum drög að samþykkt um byggðamerki Sveitarfélagsins Skagastrandar ásamt tillögum að nýju byggðamerki. Hreppsnefnd yfirfór samþykktir og ræddi nýtt útlit á byggðamerki en fól sveitarstjóra að láta útfæra nýtt byggðamerki í ljósi umræðu á fundinum. Samþykkt um byggðamerki samþykkt með fyrirvara um 1. gr. þar sem lýsing er gerð á byggðamerkinu.

2. Erindisbréf fyrir nefndir sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum lá tillag að erindisbréfi fyrir nefndir Sveitarfélagsins Skagastrandar. Erindisbréfin fjalla bæði um verkefni nefnda sveitarfélagsins almennt og gerð sérstök erindisbréf fyrir fræðslunefnd, tómtunda- og menningarmálanefnd og atvinnu- og ferðamálanefnd. Nokkrar athugasemdir voru gerðar sem sveitarstjóra var falið að vinna úr.

Erindisbréfin voru samþykkt og jafnframt að þau taki gildi 1. september nk.

3. Samþykkt um kattahald.

Fyrir fundinum lá tillag að samþykktum um kattahald á Skagaströnd. Hreppsnefnd ræddi samþykktirnar en ákvað að fá frekari upplýsingar og fól sveitarstjóra jafnframt að gera nokkrar breytingar á samþykktunum. Afgreiðslu samþykktanna vísað til næsta fundar.

4. Málefni grunnskólans.

Fyrir fundinum lá minnisblað og útreikningar á áætluðum kostnaði við að taka upp skólamáltíðir í Höfðaskóla. Annarsvegar er gerð áætlun um verktakalausn og hins vegar á að leysa verkefnið með eigin starfsmönnum í húsnæði sveitarfélagsins. Mikil umræða varð um málið og ræddar bæði áætlunarforsendur og aðferð við lausn málsins. Samþykkt að fela sveitarstjóra að leita eftir samningum við hugsanlega verktaka um að taka að sér skólamáltíðir skólaárið 2007-2008 með tilliti til þeirra forsendna sem lágu fyrir fundinum.

Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu:

- Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkir að gefa út frístundakort fyrir alla einstaklinga í sveitarfélaginu á grunnskólaaldri.
- Frístundakortið verði hægt að nota til skipulegs íþrótt- og æskulýðsstarfs á Skagaströnd
- Frístundakortið verði að upphæð kr. 15.000 fyrir tímabilið 1. september 2007 til 31. ágúst 2008.

- Frístundakortið nái til starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs félags- og tómstundastarfs sem stendur 6 vikum eða lengur og greitt er fyrir með þátttökugjöldum. Kortið getur náð til allrar frístundaiðkunar þ.m.t. tónlistar- og listnáms.
- Gerð er krafa um að sú starfsemi sem frístundakortið getur náð til sé viðurkennd af sveitarstjórn og um hana veittar allar upplýsingar ef þess verður óskað.

Framkvæmd notkunar frístundakortsins verður eftirfarandi:

Foreldrar eiga rétt á 15.000 kr styrk fyrir hvert barn á grunnskólaaldri til niðurgreiðslu íþróttar- og tómstundastarfs sem viðurkennt er sem slíkt í sveitarfélaginu.

Foreldrar greiða fyrir námskeiðið og koma með kvittun á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem þeir fá endurgreitt allt að 15.000 kr gegn kvittunum fyrir frístundastarf barna sinna.

Tillagan var samþykkt og jafnframt að hún taki gildi 1. september 2007.

5. Bréf:

a) Sóknarnefndar Hólaneskirkju, 20. júlí 2007.

Fyrir fundinum lá bréf sóknarnefndar Hólaneskirkju sem þakkar góðan stuðning við kirkjuna með því að sveitarfélagið lagði til málningu sem notuð var við að mála kirkjuna. Bréfið var til kynningar.

b) Egils Bjarka Gunnarssonar, 30. júlí 2007.

Með bréfinu óskar Egill Bjarki eftir að úrbætur verði gerðar á frágangi götunnar Höfðastrætis með því að leggja á hana bundið slitlag.

Erindi bréfsins var rætt og samþykkt að taka málið til skoðunar við gerð framkvæmdaáætlunar næsta árs.

c) Växjö kommun, 30. júlí 2007.

Bréfið er kynningarbréf frá vinabæ Skagastrandar, Växjö í Svíþjóð sem kynnir sjálfbæra stefnu sína í umhverfismálum og hvetur fulltrúa vinabæjanna til að kynna sé betur umhverfisáætlun þeirra.

d) Héraðsráðs A-Hún, 23. júlí 2007.

Með bréfinu kynnir héraðsráð erindi Skíðadeildar Tindastóls sem fer fram á að Héraðsnefndin komi að uppbyggingu skíðasvæðisins við Tindastól.

Í bréfi héraðsráðs er lagt til að aðildarsveitarfélögin greiði 600 kr./íbúa í þrjú ár. Samþykkt að sveitarfélagið greiði til skíðasvæðisins í samræmi við tillögu héraðsráðs.

e) Umhverfísráðuneytisins, 29. júní 2007.

Með bréfinu er kynnt fimmta umhverfishing sem haldið verður 12. – 13. október nk.

f) Mótohjóla og snjósleðaiþróttasambands Íslands, í júlí 2007.
Með bréfinu er kynnt sjónarmið umhverfisnefndar samtakanna og lýst vilja þeirra til að sporna gegn landspjöllum vegna gáleysislegs aksturs utan vega eða hjólabrauta. Bréfið var til kynningar.

6. Fundargerðir:

- a) Fræðslunefndar, 16. ágúst 2007.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Tómstunda- og menningarmálanefndar, 30.07.2007.
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Tómstunda- og menningarmálanefndar, 31.07.2007
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Tómstunda- og menningarmálanefndar, 08.08.2007.
Fundargerðin var samþykkt.
- e) Tómstunda- og menningarmálanefndar, 13.08.2007
Fundargerðin var samþykkt.
- f) Tómstunda- og menningarmálanefndar, 23.08.2007
Fundargerðin var samþykkt.
- g) Stjórnar SSNV, 17. apríl 2007.
Fundargerðin var til kynningar
- h) Fundar um fjallskilamál 21.08.2007
Fundargerðin var til kynningar

7. Önnur mál

- a) Kántrýdagar.
Hreppsnefnd ræddi framkvæmd Kántrýdaga og lýsti ánægju sinni með hvernig til tókst. Sveitarstjóra falið að rita þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd þakkarbréf. Einnig samþykkt að senda íbúum þakkir fyrir frábæra þátttöku í skreytingu bæjarins.
- b) Leiga á Bjarmanesi
Oddviti lagði til að sveitarstjóra verði heimilað að leigja húsið Bjarmanes fyrir skrifstofu starfsmanns menningarráðs Norðurlands vestra og framkvæmdastjóra BioPol ehf.

c) Afleiðingar kvótasamdráttar.

Oddviti greindi frá því að á vegum SSNV hafi verið unnin skýrsla um afleiðingar samdráttar aflaheimilda á byggðir á Norðurlandi vestra og að hún muni verða lögð fram á næstu dögum. Hann lagði fram og kynnti nokkra punkta um hugsanlegar áherslur sveitarstjórnar gagnvart stjórnvöldum vegna mótvægisáðgerða vegna tekju- og atvinnusamdráttar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12³⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)